



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Frumvarpið var birt 17. nóvember 2020 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-250/2020) og kallað eftir umsögnum til 27. nóvember. 16 umsagnir bárust í gáttina, frá Landssamtökunum Þroskahjálp, skólameistara Flensborgarskólans í Hafnarfirði, Viðskiptaráði Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Hólum, Samtökum iðnaðarins, starfshópi APELE (sem er Erasmus-verkefni) við Háskólann á Akureyri, Háskólanum á Akureyri, Samiðn, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Verkfræðingafélagi Íslands, Landsamtökum íslenskra stúdenta og fjórum einstaklingum. Almennu lýstu umsagnaraðilar ánægju með frumvarpsdrögin og breytingar á aðgangsskilyrðum. Að virtu heildarmati á umsögnunum var ekki talin ástæða til að breyta efni frumvarpsins. Ákveðið var að leggja frumvarpið fram á 151. löggjafarþingi.

Hér á eftir er samantekt um helstu efnisatriði umsagna, en annars vísast til umsagnanna sjálfra í samráðsgáttinni til að fá skýrari mynd af athugasemdum og ábendingum.

Margir umsagnaraðilar fögnuðu frumvarpinu og telja breytingar á aðgangsskilyrðum í háskóla vera löngu tímabærar og vonast til að fleiri nemendur sem ljúka iðnnámi fái ríkari og jafnari tækifæri til að hefja háskólanám. Þá var bent á þá staðreynd að skortur væri á fagfólki sem lokið hefur iðnmenntun á Íslandi og breytingin væri liður í því lyfta verknámi til jafns við bóknám.

Samtök iðnaðarins fagna framkomnu frumvarpi þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu, sem sé í samræmi við menntastefnu fyrir árin 2020–2030. Með því að hvetja háskóla til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum geti nemendur skipulagt nám sitt í framhaldsskóla til samræmis við kröfur viðtökuháskóla.

Samiðn telur að frumvarpið sé jákvætt en telur mikilvægt að gerðar verði frekari forkröfur fyrir inngöngu í háskólanám með aðgangsviðmiðum fyrir nemendur sem hafa lokið iðn- og verknámi, að útfærslan sé með þeim hætti að hægt sé að uppfylla þær samhliða háskólanámi.

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, fagnar frumvarpinu og telur það stórt og löngu tímabært framfaraskref í átt að því að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið list, tækni- og starfsnámi af þriðja hæfniprepi gagnvart þeim sem lokið hafa stúdentsprófi.

Verkfræðingafélag Íslands styður að frumvarpið verði að lögum, en bendir á að í tilviki nemanda sem hyggjast stunda nám í tæknifræði eða verkfræði er mikilvægt að háskólar hafi skýrar reglur og leiðbeiningar um mikilvægi traustar undirstöðuþekkingar í þeim námsgreinum sem viðkomandi nám byggist á. Þá er einnig mikilvægt að háskóladeildir leiðbeini umsækjendum hvernig þeir geti bætt við sig þeirri þekkingu sem hugsanlega vantar upp á.

Landsamtök íslenskra stúdenta telja ánægjulegt að ætlunin sé að jafna aðgengi nemenda að háskólastiginu með því að breyta aðgangskröfunum á þá leið að nemendur sem hafa lokið námi á þriðja þrepi geti hafið nám til fyrstu gráðu á háskólastigi. Samtökin benda á að verði frumvarpið að lögum þurfi að tryggja raunverulega aukið aðgengi og að breytingunni fylgi aukið fjármagn.

Í umsögn skólameistara Flensborgarskólans í Hafnarfirði kom fram að löngu væri tímabært að breyta aðgangsskilyrðum í háskóla. Að auki kom fram mikilvægi þess að háskólar settu sér skýrari og gagnsærri aðgangsviðmið til þess að nemendur gætu gert sér grein fyrir hvaða námsefni þeir þyrftu að ljúka til að geta hafið tiltekið nám á háskólastigi. Breytingin væri framfaraskref í átt að nútímasamfélagi. Starfshópur APELE fagnar frumvarpinu og telur það mikilvægt skref í átt að því að auka aðgengi nemendahóps með fjölbreyttan bakgrunn að háskólanámi.

Landssamtökin Þroskahjálp taka undir meginmarkmið frumvarpsins og telja mikilvægt að jafna aðgengi að menntun á háskólastigi, óháð því hvaða námi nemendur ljúka á framhaldsskólastigi, en lýsa samhliða vonbrigðum yfir því að ekki skuli vera gerðar úrbætur hvað varðar tækifæri fólks með þroskahömlun til háskólanáms, eins og kveðið er á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samtökin benda á að tækifæri fatlaðs fólks með þroskahömlun til háskólanáms séu takmörkuð.

Ráðuneytið mun hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem koma fram hjá Landsamtökunum Þroskahjálpi við heildarendurskoðun laga um háskóla.

Viðskiptaráð Íslands bendir á að nú þegar sé heimild í lögum um háskóla til að innrita þá sem ekki hafa stúdentspróf, en tekur undir það sjónarmið að gildandi lagaheimild hafi ekki reynst nægileg hvatning fyrir háskólana til þess að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nemendur sem lokið hafa iðn- og starfsnámi. Að mati Viðskiptaráðs er mikilvægt að fjölga iðnmenntuðum hérlandis þannig að fleiri sækir sér starfs- og tæknimenntun svo að koma megi betur til móts við þarfir samfélagsins. Viðskiptaráð bendir jafnframt á að nauðsynlegt sé að meta endanleg áhrif frumvarpsins á útgjöld og tekjur ríkissjóðs þrátt fyrir að upplýsingar liggi ekki fyrir um hvort og þá hversu fjölmennur hópur nemenda muni óska eftir að komast í háskóla vegna lagabreytinganna.

Af hálfu háskólanna er lýst áhyggjum af því að álag muni aukast þar sem skilgreining nýrra aðgangsviðmiða hjá öllum fræðasviðum og deildum háskólanna útheimti mikla vinnu og opnari aðgangur að háskólum geti leitt til aukinnar aðsóknar í háskóla. Háskólinn á Hólum bendir á mikilvægi þess að breytingarnar leiði ekki til gjaldfellingar á gæðum háskólanáms. Háskólinn á Akureyri fangar einnig breytingunni, en bendir á aukið álag sem muni skapast við vinnu nýrra aðgangsviðmiða allra deilda háskólanna þannig að ljóst verði hver viðmið háskólanna verði. Leiða megi líkur að því að aðsókn í háskólana aukist og því megi búast við fjölgun nemenda sem muni þurfa að fjármagna sérstaklega. Mögulega mætti fresta gildistöku laganna til að veita stjórnvöldum ákveðið svigrúm til þess að meta kostnað og koma þannig til móts við háskólastigið til að unnt verði að taka við fleiri nemendum í háskólana án þess að aukinn fjöldi komi niður á gæðum námsins. Þá sé mikilvægt að ríkt samstarf eigi sér stað á milli háskóla og framhaldsskóla við mótun ítarlegri aðgangsskilyrða.